

Fimmtudaginn 1. mars 1979.

Nr. 34/1977.

Ólafur Finsen

Hilmar Bendtsen

(Hjörtur Torfason hrl.)

Birgir Ágústsson og

(Páll S. Pálsson hrl.)

Ferðaskrifstofan Saga

(enginn)

gegn

Grand Metropolitan Hotels Ltd. og

gagnsök

(Hörður Ólafsson hrl.).

Skuldamál. Hlutafélag. Áfrýjun. Útivist aðaláfrýjanda.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Magnús P. Torfason.

Aðaláfrýjendur skutu málinu upphaflega til Hæstaréttar með stefnu 9. október 1974, að fengnu áfrýjunarleyfi 12. september s. á. Þegar það mál var munnlega flutt fyrir Hæstarétti hinn 26. janúar 1977, var ekki sótt þing af hálfu Ferðaskrifstofunnar Sögu, og féll málið niður að því er hana varðaði. Með dómi Hæstaréttar 28. s. m. var málinu vísað frá Hæstarétti að því er tók til annarra aðaláfrýjenda. Áfrýjuðu allir aðaláfrýjendur þá málinu að nýju með stefnu hinn 15. febrúar 1977 með skírskotun til heimildar í 36. gr. laga nr. 75/1973.

Þegar málið var flutt munnlega fyrir Hæstarétti 23. febrúar 1979, kom enginn fyrir dóm af hendi aðaláfrýjandans Ferðaskrifstofunnar Sögu. Er því málssóknin fallin niður að því er þennan aðaláfrýjanda varðar, sbr. 39. gr. laga nr. 75/1973.

Aðaláfrýjendur krefjast þess, að hrundið verði kröfu gagnáfrýjanda, þeirri er síðar greinir, um, að málinu verði vísað frá Hæstarétti. Að öðru leyti gera þeir þær dómkröfur, að

þeir verði sýknaðir af kröfum gagnáfrýjanda í málinu og þeim verði dæmdur málskostnaður úr hendi hans bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 14. apríl 1977. Hann gerir þær dómkröfur aðallega, að málinu verði vísað frá Hæstarétti. Til vara krefst hann staðfestingar hins áfrýjaða dóms, þó þannig, að frá 15. júlí 1974 til greiðsludags verði vextir af dæmdri fjárhæð ákveðnir 13% ársvextir. Hann krefst og málskostnaðar sér til handa bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð ný gögn.

I.

Gagnáfrýjandi færir þau rök fyrir kröfu sinni um frávísun málsins frá Hæstarétti, að aðaláfrýjendur hafi upphaflega og að fengnu áfrýjunarleyfi skotið hinum áfrýjaða dómi til Hæstaréttar á þeim tíma, sem áður var greindur. Frávísun þess máls frá Hæstarétti hinn 28. janúar 1977 hafi verið reist á því, að áfrýjunarstefnan hafi ekki verið löglega birt stefnda. Aðaláfrýjendum hafi samkvæmt því ekki verið heimilt að áfrýja málinu að nýju eftir reglum 36. gr. laga nr. 75/1973, þar sem hin sérstaka áfrýjunarheimild þeirrar greinar taki ekki til þess tilviks, er máli hefur verið vísað frá Hæstarétti vegna þess, að áfrýjunarstefna hefur ekki verið birt stefnda, áður en frestur til áfrýjunar máls er liðinn.

Nefnt lagaákvæði verður ekki eftir orðum sínum skýrt svo, að heimild sú, sem það veitir til áfrýjunar máls að nýju, sé sérstaklega bundin þeirri takmörkun, sem gagnáfrýjandi heldur fram. Verður frávísunarkrafan því ekki tekin til greina.

II.

Fjárröfur sínar á hendur aðaláfrýjendum virðist gagnáfrýjandi að meginstofni reisa á því, að kröfur þessar eigi rót að rekja til viðskipta ýmissa hótela hans við óskráð fyrirtæki, sem nefnst hafi Ferðaskrifstofan Saga, en á ensku máli ýmist „Saga-Tour“, „Saga-Travel“, „Saga Travel Ser-

vice“ eða „Saga Travel Bureau“. Muni hér hafa verið um að ræða félag með ótakmarkaðri ábyrgð, myndað af öllum sömu mönnum og voru hluthafar í skráðu hlutafélagi í Reykjavík, sem heitið hafi Ferða-Saga h/f. Hafi atvinna sú, sem hlutafélagið var stofnað til að reka, verið í höndum fyrrgreinda félagsins. Beri aðaláfrýjendur sem félagsmenn í því beina og ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum þess.

Það er að vísu viðurkennt í málinu, að ferðaskrifstofurekstur hins skráða hlutafélags, Ferða-Sögu h/f, hafi að einhverju marki gengið undir nafninu Ferðaskrifstofan Saga svo og þeim ensku heitum, sem áður voru greind. Þetta leiðir þó engan veginn til þess, að fallist verði á það með gagnáfrýjanda, að með þessum hætti hafi verið stofnað til sameignarfélags hluthafanna, sem verið hafi annar lögaðili en Ferða-Saga h/f. Hefur kröfugerð gagnáfrýjanda á hendur aðaláfrýjendum því ekki við rök að styðjast að því leyti sem hún er á framangreindum grundvelli reist.

Þá heldur gagnáfrýjandi því fram öðrum þræði fyrir Hæstarétti, að Ferða-Saga h/f hafi rekið Ferðaskrifstofuna Sögu. Ekk hafi verið tekið fram í viðskiptum við gagnáfrýjanda eða aðra aðilja, að um væri að ræða félag með takmarkaðri ábyrgð. Beri aðaláfrýjendur því sem stjórnarmenn í Ferða-Sögu h/f fulla og óskipta ábyrgð á fjárkröfum þeim, sem gagnáfrýjandi sækir í málinu.

Með úrskurði sjó- og verslunardóms Reykjavíkur 3. desember 1971 var aðiljum gefinn kostur á því með vísun til 120. gr. laga nr. 85/1936 að afla m. a. skýrslu fyrirsvarsmanna gagnáfrýjanda um það, „með hvaða hætti stofnað hafi verið til viðskiptanna við Ferðaskrifstofuna Sögu (Saga Travel Service) og hver hafi samið við“ gagnáfrýjanda. Slík skýrsla hefur þó ekki komið fram. Þá eru tveir reikningar, sem lagðir hafa verið fram í málinu sem fylgiskjöl með viðskiptamannareikningi gagnáfrýjanda, ritaðir á hendur „Saga-Tour Ltd.“, en það bendir til þess, að gert hafi verið ráð fyrir, að skuldarinn væri hlutafélag. Samkvæmt þessu hefur ekki verið sýnt fram á, að gagnáfrýjandi hafi grandlaus talið sig eiga viðskipti sín við annan aðilja en hlutafélag það,

sem í raun hafði á hendi ferðaskrifstofurekstur þann, er fjárkröfur gagnáfrýjanda eru sprottnar af. Verða aðaláfrýjendur því sýknaðir af dómkröfum gagnáfrýjanda, einnig að því leyti sem þær eru á þessum grundvelli reistar, án þess að gefa þurfi að öðru leyti gaum að því, hvernig háttað sé ábyrgð aðaláfrýjenda sem stjórnarmanna í Ferða-Sögu h/f.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Aðaláfrýjendur, Ólafur Finsen, Hilmar Bendtsen og Birgir Ágústsson, eiga að vera sýknir af kröfum gagnáfrýjanda, Grand Metropolitan Hotels Ltd.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur sjó- og verslunardóms Reykjavíkur 13. desember 1973.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 28. f. m., hefur Hörður Ólafsson, hæstaréttarlögmaður hér í borg, höfðað fyrir hönd Grand Metropolitan Hotels Ltd., Curzon Street 17 B, London, fyrir sjó- og verslunardómi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni hinn 5. nóvember 1968, á hendur Ólafi Finsen, Einimel 1, Hilmar H. Bendtsen, Hagamel 23, Birgi Ágústssyni, Meistaravöllum 13, öllum hér í borg, og Finnbirni Þorvaldssyni, Blikanesi 7, Garðahreppi, öllum persónulega og fyrir hönd Saga Travel Service og/eða Ferðaskrifstofunnar Sögu, Ingólfsstræti hér í borg, til óskiptrar greiðslu á skuld að fjárhæð £ 679.2.0 með 7% ársvöxtum frá 1. ágúst 1967 til greiðsludags svo og til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu. Samkvæmt framhaldskröfugerðum eru endanlegar dómkröfur stefnanda þær, að Ólafur Finsen, Birgir Ágústsson, Hilmar H. Bendtsen, Finnbjörn Þorvaldsson og Ferðaskrifstofan Saga verði in solidum dæmd til að greiða stefnanda £ 758.11 með 7% ársvöxtum frá 1. janúar 1968 til 16. maí 1973 og með 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnað að skaðlausu.

Stefndu hafa hver fyrir sig krafist sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans að skaðlausu.

Í stefnu er málavöxtum lýst svo:

„Skuldin er skv. ódagsettum yfirlitsreikningi stefnenda á hendur Saga Travel Service vegna úttektar ýmissa aðila á vegum þess fyrirtækis á ýmsum hótélum stefnenda á tímabilinu frá 30. janúar 1967 til 28. október 1967. Kröfubréfi, er sent var Ferðaskrifstofunni Sögu 28. október s.l., hefur ekki verið sinnt.

Gert er ráð fyrir, að Saga Travel Service sé sama fyrirtækið og Ferðaskrifstofan Saga, en hvort tveggja eru óskrásett fyrirtæki, sem hafa komið fram gagnvart stefnendum og öðrum (sbr. símaskrá Reykjavíkur um Ferðaskrifstofuna Sögu) sem einka-fyrirtæki. Bera eigendur þeirra því ótakmarkaða og óskipta ábyrgð á fjárskuldbindingum þessara fyrirtækja með öllum sínum eignum.

Með því að hin stefndu fyrirtæki eru óskráð, er allt í óvissu um eigendur þeirra. Hinsvegar er til fyrirtækið Ferða-Saga h.f., og bendir ýmislegt til, að hluthafar þess séu einnig eigendur Saga Travel Service og Ferðaskrifstofunnar Sögu. Hefur því að svo stöddu verið stefnt aðalstjórn og varastjórn Ferða-Sögu h.f. skv. tilkynningu til hlutafélagaskrár 27. marz s.l.“

Undir rekstri málsins kom fram nýr yfirlitsreikningur frá stefnanda yfir viðskipti við Ferðaskrifstofuna Sögu til og með 30. september 1968, þar með taldar greiðslur upp í viðskiptin, sem inntar voru af hendi í júní, ágúst og desember 1967, samtals £ 85-14-3, og var breyting á dómkröfum stefnanda gerð á grundvelli niðurstöðu þessa nýja yfirlitsreiknings.

Með bréfi til sakadóms Reykjavíkur, dags. hinn 28. ágúst 1969, óskaði lögmaður stefnanda eftir opinberri rannsókn á því, hver væri eigandi Ferðaskrifstofunnar Sögu og því aðili að skuld þeirri, sem stefnt er til greiðslu á í máli þessu.

Njáll Símonarson skrifstofustjóri skýrði svo frá við rannsókn þessa, að fyrirtækið Ferða-Saga h/f hafi rekið Ferðaskrifstofuna Sögu í Ingólfsstræti, en hún hafi erlendis gengið undir nafninu Saga Travel Bureau. Kvað hann þetta hafa verið á almanna vitorði. Njáll kvað Ferðaskrifstofuna Sögu hafa verið rekna frá árinu 1954 og þar til í októbermánuði 1968. Hann kvaðst hafa gerst framkvæmdastjóri á árinu 1962 og hafa gegnt því starfi þar til í júlímánuði 1968. Njáll kvað þá Ólaf Finsen, Birgi Ágústsson og Hilmar Bendtsen hafa verið í stjórn Ferða-Sögu h/f frá árinu 1962 og þar til ferðaskrifstofan hætti störfum. Ekki kvað Njáll það hafa verið gert í blekkingarskyni að reka ferðaskrifstofuna undir nafninu Saga, þótt hlutafélagið Ferða-Saga hafi verið raunverulegur eigandi ferðaskrifstofunnar. Kvað hann

fyrri eigendur Ferðaskrifstofunnar Sögu ekki hafa talið sig geta fengið firmað Ferðaskrifstofan Saga skráð, þar sem til hafi verið kvikmyndafélag með nafninu Saga. Ekki kvaðst Njáll geta sagt um án nánari athugunar, hvort kröfur stefnanda séu réttar, þó að hann teldi ástæðulaust að rengja þær. Kvað hann a. m. k. sumt af fólki því, sem þar er tilgreint, hafa verið búið að greiða ferðakostnað sinn hjá ferðaskrifstofunni.

Við rannsókn þessa skýrði Ólafur Hannes Finsen svo frá, að Ferða-Saga h/f hafi rekið Ferðaskrifstofuna Sögu, og neitaði hann því eindregið, að nokkur blekkingartilgangur hafi legið þarna á bak við. Kvaðst Ólafur hafa keypt hlut í Ferða-Sögu h/f ásamt Norðurleið h/f, Birgi Ágústssyni og Njáli Símonarsyni. Hafi þarna verið um að ræða meiri hluta hlutabréfanna, en seljendur hafi verið Martin Petersen, Hilmar Bendtsen og Finnbjörn Þorvaldsson, en þeir hafi átt áfram smáhluti í félaginu. Áður hafi seljendur hlutabréfanna verið búnir að reka skrifstofuna og eiga hlutafélagið í nokkurn tíma. Eftir eigendaskiptin hafi stjórnin verið skipuð Ólafi Finsen, stjórnarformanni, Hilmar Bendtsen og Birgi Ágústssyni, meðstjórnendum. Hafi stjórnin verið skipuð þannig óbreytt, þar til ferðaskrifstofan hætti störfum. Taldi Ólafur það nokkurn veginn víst, að ferðamenn þeir, sem tilgreindir eru, hafi verið búnir að greiða reikninga sína til ferðaskrifstofunnar.

Ágúst Birgir Ágústsson skýrði svo frá við rannsókn málsins, að hann hafi aldrei verið hluthafi í Ferða-Sögu h/f, en að forminu til hafi hann átt að vera í stjórn vegna Norðurleiða h/f, sem Ólafur Finsen hafi svo til eingöngu átt og hann sjálfur hafi eignast smáhlut í um þetta leyti. Kvaðst hann aldrei hafa verið boðaður á stjórnarfund í félaginu, þótt hann gengi iðulega eftir því. Birgir kvað þá Finnbjörn Þorvaldsson og Martin Petersen hafa tekið skýrt fram við eigendaskiptin, að ekki mætti nota heitið Ferðaskrifstofan Saga við fjárhagslegar skuldbindingar gagnvart þriðja manni, þótt nota mætti það í daglegri starfsemi. Birgir kvaðst hafa keypt hlut Ólafs Finsen í Norðurleið h/f um áramótin 1967-1968 og þá hafi jafnframt verið samið um það við Ólaf, að Ferða-Saga væri Norðurleið alveg óviðkomandi. Birgir kvaðst hafa gengið ríkt eftir því, að það yrði tilkynnt til hlutafélagaskrár, að hann væri genginn úr stjórninni, en það hafi ekki verið gert. Birgir kvaðst ekkert vita um kröfur stefnanda máls þessa eða aðrar skuldir ferðaskrifstofunnar.

Hilmar Haukur Bendtsen skýrði svo frá við rannsókn málsins,

að Ferða-Saga h/f hafi átt og rekið Ferðaskrifstofuna Sögu. Kvað hann síðastgreinda nafnið ekki hafa fengist skráð, þar sem nafnið Saga hafi þegar verið frá tekið. Hins vegar hafi ferðaskrifstofan alltaf í daglegu tali gengið undir nafninu Ferðaskrifstofan Saga. Síðustu stjórn kvað hann hafa skipað auk sín þá Ólaf Finsen og Birgi Ágústsson og kvað sig minna, að auk þess hafi Finnbjörn Þorvaldsson verið varamaður. Ekki kvaðst Hilmar vita neitt um kröfu stefnanda máls þessa annað en það, að henni hafi verið stefnt fyrir sjó- og verslunardóm Reykjavíkur.

Krafa stefnanda er byggð á því, að frá sjónarmiði stefnanda sé fyrirtækið Saga Travel Service, pósthólf 315, Reykjavík, skuldari umræddrar kröfu. Vitað sé, að hér sé um að ræða Ferðaskrifstofuna Sögu í Ingólfsstræti. Eigendur ferðaskrifstofunnar séu því skuldarar kröfunnar. Fyrirspurn til firmaskrár Reykjavíkur hafi hins vegar leitt í ljós, að ekki sé til skrásett fyrirtæki með nafninu Ferðaskrifstofan Saga, en til sé fyrirtækið Ferða-Saga h/f og skráður framkvæmdastjóri þess Njáll Símonarson, sem einnig hafi verið framkvæmdastjóri Ferðaskrifstofunnar Sögu. Með tilliti til þessa hafi verið talið, að stofnendur Ferða-Sögu h/f hafi upphaflega ætlað að reka ferðaskrifstofu með því nafni og með þess konar ábyrgð, en hafi hætt við þá fyrirætlun og í þess stað tekið að reka fyrirtækið undir nafninu Ferðaskrifstofan Saga með fullri persónulegri ábyrgð eigenda. Gagnvart þessari tilgátu hafi hluthafar Ferða-Sögu h/f átt að vera eigendur Ferðaskrifstofunnar Sögu og því skuldarar kröfunnar persónulega og fyrir hönd þeirra fyrirtækja, sem þeir hafi til stofnað. Því hafi sú leið verið valin, uns annað réttara kemur í ljós, að stefna persónulega núverandi stjórn Ferða-Sögu h/f sem eigendum Ferðaskrifstofunnar Sögu.

Sýknukrafa stefnda Ólafs Finsen er byggð á því, að hann sé ekki réttur aðili máls þessa. Hann hafi á árinu 1962 eignast hlutabréf í Ferða-Sögu h/f og hafi þá verið kosinn í stjórn þess félags. Hafi hlutafélag þetta alla tíð verið eigandi Ferðaskrifstofunnar Sögu og rekið hana og hafi þetta aldrei verið neitt leyndarmál. Einstakir hluthafar í Ferða-Sögu h/f hafi hins vegar aldrei verið persónulegir eigendur Ferðaskrifstofunnar Sögu. Er því haldið fram samkvæmt þessu, að stefnanda beri að beina kröfu sinni að Ferða-Sögu h/f, en ekki einstökum hluthöfum í því félagi. Þá er sýknukrafa stefnda Ólafs byggð á því, að krafa stefnanda sé vanreifðu efnislega og tölulega. Er á það bent í þessu sambandi, að ekki liggi ljóst fyrir, hvers konar samningur liggi til grund-

vallar viðskiptum stefnanda og Ferðaskrifstofunnar Sögu. Þá er bent á það, að framkvæmdastjóri Ferðaskrifstofunnar Sögu hafi tekið út fé eða fengið þjónustu í eigin nafni, en þetta sé fært á Ferðaskrifstofuna Sögu.

Sýknukrafa stefndu Finnbjörns og Hilmars er byggð á því, að þeir séu ekki réttir aðilar máls þessa. Er því lýst yfir af þeirra hálfu, að þeir hafi stofnað til ferðaskrifstofu hér í borg með nafninu Saga á árinu 1958 ásamt þriðja manni. Þeir hafi unnið að rekstri hennar í hjáverkum. Á árinu 1961 hafi þeir stofnað hlutafélag um starfsemina ásamt eiginkonum sínum og hafi valið félaginu nafnið Ferða-Saga h/f, þar eð skráningarstjóri hafi færst undan að skrá félagið með nafninu Saga einu saman. Hafi félagið verið skráð 27. mars 1961 og stefndi Hilmar kjörinn formaður þess, en að öðru leyti hafi stjórnin verið skipuð eiginkonum aðiljanna. Í ársbyrjun 1962 hafi þeir ákveðið að hætta aðild sinni að ferðaskrifstofunni og í aprílmánuði það ár hafi þeir selt fyrirtækið hlutafélaginu Norðurleið, en stefndi Ólafur Finsen hafi þá verið einn af aðaleigendum þess félags. Þannig hafi þó frá málinu verið gengið formsins vegna, að stefndi Finnbjörn og Hilmar og meðstofnandi þeirra hafi hver um sig verið taldir hluthafar áfram fyrir hlut að fjárhæð kr. 5.000, en að öðru leyti hafi hlutaféð, sem jafnframt hafi verið aukið í kr. 150.000, verið í höndum hinna nýju aðilja. Þetta hafi gerst á hluthafafundi hinn 17. apríl 1962 og hafi þá jafnframt verið kosin sú stjórn í félaginu, sem stefnt er í máli þessu. Framkvæmdastjóri með prókúruumboði hafi verið skipaður Njáll Símonarson, sem komið hafi inn í félagið sem hluthafi við hlið Norðurleiðar h/f. Er því haldið fram af hálfu þessara stefndu, að með þessum aðgerðum hafi þeir raunverulega verið lausir allra mála við Ferða-Sögu h/f og ferðaskrifstofu þess félags. Aðild þeirra að stjórn félagsins og hluthafaskrá hafi einungis verið ætluð til bráðabirgða, þar til hinir nýju hluthafar hefðu gert á því framtíðarskipan, sem hentaði hagsmunum þeirra. Það hafi og orðið svo í reynd, að þessir stefndu hafi engin afskipti haft af félaginu, hvorki sem stjórnarmenn né hluthafar, og hafi þeir ekki haft neinna persónulegra hagsmuna að gæta. Rekstur félagsins og skipulag hafi að öllu leyti verið í höndum hinna nýju eigenda. Hins vegar hafi hinir nýju eigendur ekki gert reka að því að veita stefndu formlega lausn með nýrri stjórnarskráningu þrátt fyrir eftirgangsmuni, en það skipti þó engu máli gagnvart stefnanda máls þessa. Er því haldið fram samkvæmt þessu, að þegar

stefndu skildu við Ferða-Sögu h/f, hafi aðstaðan verið sú, að félagið hafi átt og rekið Ferðaskrifstofuna Sögu. Sú skipan hafi verið fyllilega heimil og lögleg, án þess að nokkur persónuleg ábyrgð kæmi til, og verði að telja, að svo sé enn. Samkvæmt því sé ekki önnur ábyrgð fyrir hendi á skuldum Ferðaskrifstofunnar Sögu en hin félagslega ábyrgð Ferða-Sögu h/f. Verði hin umstefnda skuld talin réttmæt skuld ferðaskrifstofunnar, sem þó sé ósannað, beri að beina henni að Ferða-Sögu h/f, en hvorki að stjórnendum félagsins né hluthöfum. Ef stefnandi vilji ekki beina kröfum sínum að hlutafélaginu, þá eigi hann ekki annars úrkosti en að halda sig að viðsemjendum sínum, hvort sem það er Njáll Símonarson eða einhver annar, eða að þeim mönnum, sem raunverulega höfðu persónulega hagsmuni af starfsemi Ferðaskrifstofunnar Sögu á þeim tíma, sem til skuldarinnar var stofnað. Er því haldið fram samkvæmt þessu, að stefndu Finnbjörn og Hilmar séu ekki réttir aðiljar máls þessa. Þá er því haldið fram, að stefnandi hafi ekki fært nægilegar sönnur að kröfu sinni í máli þessu með þeim gögnum, sem hann hefur lagt fram. Er efni kröfunnar og fjárhæð mótmælt.

Sýknukrafa stefnda Birgis er byggð á því, að hann sé ekki réttur aðili máls þessa. Er því haldið fram, að hann hafi aðeins komið við sögu hlutafélagsins Ferða-Sögu með þeim hætti, að hann hafi verið kosinn í stjórn þess hinn 17. apríl 1962 sem fulltrúi Norðurleiðar h/f, er þá hafi eignast meiri hluta hlutabréfa í félaginu. Hann hafi sjálfur engan hlut átt í félaginu og hafi aldrei átt nema í umboði Norðurleiðar h/f. Er því haldið fram, að stefndi Birgir hafi engin afskipti haft af rekstri ferðaskrifstofunnar á þeim tíma, sem hér skiptir máli, og þar sem Norðurleið h/f sé ekki lengur hluthafi, sé aðild stefnda Birgis að stjórn Ferða-Sögu h/f lokið. Er því haldið fram samkvæmt þessu, að stefndi Birgir verði ekki með nokkrum hætti gerður ábyrgur fyrir skuldum Ferðaskrifstofunnar Sögu. Þá er því og haldið fram, að stefnandi hafi ekki fært sönnur að kröfu sinni með þeim gögnum, sem hann hefur lagt fram, hvorki að efni né fjárhæð.

Samkvæmt endurriti úr hlutafélagaskrá Reykjavíkur var Ferða-Saga h/f skráð hinn 27. mars 1961. Var tilgangur félagsins að reka ferðaskrifstofu og veita hvers konar fyrirgreiðslu og þjónustu í því sambandi. Ekki kemur fram í skráningunni, að starfsemi félagsins skyldi rekin undir öðru nafni. Stofnendur voru Hilmar Bendtsen, Björg Sverrisdóttir, Finnbjörn Þorvaldsson, Theodóra Björnsdóttir, Martin Petersen og Kristín Sigurðar-

dóttir. Var fyrsta aðalstjórn félagsins skipuð þeim Hilmari Bendtsen, Kristínu Sigurðardóttur og Theodóru Björnsdóttur. Samkvæmt skráningu hinn 30. mars 1968 skipuðu aðalstjórn félagsins Ólafur Finsen, Hilmar Bendtsen og Birgir Ágústsson, en til vara Finnbjörn Þorvaldsson. Framkvæmdastjóri með prókúru-umboði var þá skráður Njáll Símonarson.

Með úrskurði, uppkveðnum hinn 3. febrúar 1969, var bú Ferða-Sögu h/f tekið til gjaldþrotaskipta. Með bréfi, dags. hinn 10. mars 1969, var lýst í þrotabúið upphaflegri fjárhæð dómkröfu máls þessa ásamt vöxtum og innheimtukostnaði. Í kröfufylsingunni kemur fram, að stefnandi hafi ekki vitað um tilvist Ferða-Sögu h/f og því hafi félaginu ekki verið stefnt í máli því, sem stefnandi hafi höfðað. Hins vegar hafi komið fram í greinargerðum varnaraðilja málsins, að þeir telji Ferða-Sögu h/f réttan skuldara kröfunnar.

Með gagnaöflunarúrskurði gaf dómurinn aðiljum kost á að afla þessara gagna:

- „1. Skýrslu fyrirsvarsmanna stefnanda um það, með hvaða hætti stofnað hafi verið til viðskipta við Ferðaskrifstofuna Sögu (Saga Travel Service) og hver hafi samið við stefnanda.
2. Hver hafi séð um greiðslur af hálfu Ferðaskrifstofunnar Sögu og með hvaða hætti þær hafi verið inntar af hendi.
3. Aflað verði upplýsinga frá skiptarétti Reykjavíkur úr gögnum þrotabús Ferða-Sögu h/f um samband þess félags við Ferðaskrifstofuna Sögu.
4. Stefndi Finnbjörn Þorvaldsson komi fyrir dóm til skýrslugjafar.
5. Annarra þeirra gagna, sem framangreind atriði kunna að gefa efni til.“

Með bréfi, dags. hinn 28. janúar 1972, skýrði lögmaður stefnanda lögmanni stefnanda í Englandi frá efni úrskurðar þessa og óskaði eftir svari við 1. og 2. lið úrskurðarins. Í svarbréfi lögmanns stefnanda í Englandi kemur fram, að verið sé að reyna að afla greindra upplýsinga, en með tilliti til tíma þess, sem liðið hafi, og mannaskipta í starfsliði stefnanda sé það erfiðleikum bundið. Lögmaðurinn kveðst geta skýrt frá því, að samkvæmt bókhaldsgögnum hafi greiðslur frá Saga Travel Service verið inntar af hendi í reiðufé, þótt bókhaldskerfið geri ekki greinarmun á greiðslum í reiðufé og greiðslum með ávísunum.

Þá ritaði lögmaður stefnanda skiptaráðandanum í Reykjavík bréf, þar sem hann gerði grein fyrir 3. lið gagnaöflunarúrskurðar

dómsins og óskaði eftir, að sér yrðu látnar í té upplýsingar þær, sem þar eru greindar. Lýsti lögmaður stefnanda yfir við munnlegan flutning málsins, að ekki hefði borist svar við þessu bréfi.

Samkvæmt vottorði borgarfégetaembættisins í Reykjavík hefur ekki verið skráð firma með nafninu Ferðaskrifstofan Saga.

Eigi hafa komið fram gögn þau, sem aðiljum var gefinn kostur á að afla, nema aðiljaskýrsla Finnbjörns Þorvaldssonar, og er hún svohljóðandi:

„Málavöxtum að því er varðar feril Ferðaskrifstofunnar Sögu og síðar hlutafélagsins Ferða-Sögu h/f í Reykjavík á tímabilinu 1958-1962 og aðild mína að þeim, svo og tengsl mín við hlutafélagið eftir 17. apríl 1962, sem í reynd voru engin, er rétt lýst í 3.-5. málsg. á bls. 1-2 í greinargerð umboðsmanns míns frá 10. janúar 1968 í máli þessu. Vil ég sérstaklega taka fram, að ég hafði engin afskipti af félaginu eða starfsemi þess eftir þá breytingu, sem á því varð á árinu 1962, og engra persónulegra hagsmuna þar að gæta. Ég var ekki starfsmaður við fyrirtækið eftir þennan tíma og styrkti það ekki í annarri veru, hvorki með vinnu né fé. Hafði ég engan ávinning af félaginu né ætlaðist til hans í neinu formi.

Ég leyfi mér sömuleiðis að taka fram, að ég hef aldrei verið í stjórn hlutafélagsins Ferða-Sögu hf. Þótt ég hafi formsins vegna verið kjörinn í varastjórn félagsins á árinu 1962, var ég aldrei kvaddur til neinna stjórnarstarfa sem slíkur, og var raunar fjarstaddur, þegar kjörið fór fram.

Um eigendaskiptin, sem fram fóru á árinu 1962, leyfi ég mér að staðfesta, að þau voru í formi sölu á hlutabréfum fyrirtækisins, en ekki eignum þess.

Ég átti engan þátt í þeim viðskiptum fyrirtækisins, sem stefnukrafan í ofangreindu máli tekur til, og get ekkert upplýst um þá kröfu.“

Fyrir sakadómi Reykjavíkur hafa stefndu Hilmar og Ólafur og Njáll Símonarson, framkvæmdastjóri Ferðaskrifstofunnar Sögu, skýrt svo frá, að Ferða-Saga h/f hafi átt og rekið Ferðaskrifstofuna Sögu. Er það í samræmi við það, sem haldið er fram af hálfu allra hinna stefndu. Samkvæmt því verður að leggja til grundvallar, að rekstur Ferðaskrifstofunnar Sögu hafi verið á ábyrgð stjórnar Ferða-Sögu h/f, en hins vegar er eigi í ljós leitt, að tengsl Ferðaskrifstofunnar Sögu við Ferða-Sögu h/f hafi formlega verið með þeim hætti, að unnt sé að líta svo á, að Ferðaskrifstofan Saga hafi verið rekin með takmarkaðri ábyrgð,

sbr. ákvæði 4. mgr. 9. gr. laga nr. 42/1903, sbr. 2. gr. laga nr. 77/1921 og 9. gr. laga nr. 84/1933. Það er fram komið í málinu, að sú stjórn Ferða-Sögu h/f, sem stefndu skipuðu, var kosin hinn 17. apríl 1962, en tilkynning um það til hlutafélagaskrár var dagsett hinn 27. mars 1968 og skráð hinn 30. s. m., en birt 10. maí s. á. Stefndi Finnbjörn kveðst ekki hafa verið kvaddur til að taka þátt í stjórnarstörfum, og hefur þeirri yfirlýsingu hans eigi verið mótmælt sérstaklega af hálfu annarra aðilja málsins. Stefndi Birgir er skráður einn af stjórnarmönnum Ferða-Sögu h/f í hlutafélagaskrá, og hefur hann eigi fært sönnur að því, að sú skráning sé eigi rétt að lögum. Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, verður að líta svo á, að þeir, sem skipuðu aðalstjórn Ferða-Sögu h/f, sem kosin var hinn 17. apríl 1962, þ. e. stefndu Ólafur, Hilmar og Birgir, beri einn fyrir alla og allir fyrir einn persónulega ábyrgð á skuldbindingum þeim, sem stofnað var til af hálfu Ferðaskrifstofunnar Sögu við stefnanda á árunum 1967 og 1968 og krafist er greiðslu á í máli þessu. Hins vegar þykir bera að sýkna stefnda Finnbjörn, sem ómótmælt er, að ekki hafi verið kvaddur til stjórnarstarfa á þessum tíma. Af hálfu stefnanda hefur verið lagður fram viðskiptamannareikningur Ferðaskrifstofunnar Sögu, þ. e. Saga Travel Bureau, með fylgiskjöllum, og þykir það ekki hnekkja niðurstöðu þessari um ábyrgð stefndu Ólafs, Hilmars og Birgis, þótt á tveimur skjala þessara sé við eitt af nöfnum þeim, sem notuð voru um Ferðaskrifstofuna Sögu, þ. e. Saga Tour, skráð „Ltd.“, sem gefur til kynna, að fyrirtækið hafi verið rekið með takmarkaðri ábyrgð. Svo sem áður er fram komið, hafa ekki komið fram af hálfu stefndu gögn um viðskipti stefnanda og Ferðaskrifstofunnar Sögu, og verður því reikningur sá, sem fram er kominn af hálfu stefnanda, lagður til grundvallar, enda hafa eigi komið fram rökstudd andmæli gegn honum.

Samkvæmt þessu verður niðurstaða málsins sú, að stefndi Finnbjörn Þorvaldsson verður sýknaður af kröfum stefnanda, en málskostnaður gagnvart honum fellur niður. Stefndu Ólafur Finsen, Hilmar Bendtsen og Birgir Ágústsson verða hins vegar dæmdir einn fyrir alla og allir fyrir einn persónulega og fyrir hönd Ferðaskrifstofunnar Sögu til að greiða stefnanda hina umstefndu skuld, £ 758.11, með 7% ársvöxtum, sem reiknast frá 1. janúar 1969 til 16. maí 1973, en 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, svo og málskostnað, sem ákveðst kr. 45.000.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt

samdómendunum Eggert Kristjánssyni og Guðmundi Skaftasyni, löggiltum endurskoðendum.

Dómsorð:

Stefndi Finnbjörn Þorvaldsson skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Harðar Ólafssonar f. h. Grand Metropolitan Hotels Ltd., í máli þessu, en málskostnaður þeirra í milli fellur niður.

Stefndu Ólafur Finsen, Hilmar Bendtsen, Birgir Ágústsson og Ferðaskrifstofan Saga greiði in solidum stefnanda, Herði Ólafssyni hæstaréttarlögmanni f. h. Grand Metropolitan Hotels Ltd., £758.11 með 7% ársvöxtum frá 1. janúar 1969 til 16. maí 1973 og með 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 45.000 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 5. mars 1979.

Nr. 36/1979. **Ákærvaldið**
 gegn
Halldóri Erni Magnússyni.

Kærumál. Kyrrsetning samkv. 144. gr. laga nr. 74/1974.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson og Logi Einarsson.

Varnaraðili hefur skotið úrskurði sakadóms Reykjavíkur 21. febrúar 1979 til Hæstaréttar með kæru 23. s. m., er barsi Hæstarétti 26. s. m. Samkvæmt gögnum máls var úrskurðurinn birtur varnaraðilja 22. s. m.

Eigi hefur borist sérstök greinargerð til Hæstaréttar af hálfu varnaraðilja, en ætla verður, að úrskurðurinn sé kærður í því skyni, að hann verði felldur úr gildi.

Ríkissaksóknari hefur ritað greinargerð í málinu og krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar.